

LAXÁ Í SKEFILSTAÐAHREPPI 1987

Tumi Tómasson

Hólum, apríl 1988

VMST-N/88008X



VEIÐIMÁLASTOFNUN - NORÐURLANDSDEILD
Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki.

LAXÁ Í SKEFILSTAÐAHREPPI 1987

INNGANGUR

Dagana 1. og 7. september 1987 var gerð athugun á seiðastofnum Laxár með rafveiðum á 10 stöðum (Mynd 1). Slíkar athuganir hafa verið gerðar árlega síðan 1983. Helsta markmið athugananna er að kanna vöxt og útbreiðslu náttúrulega seiðastofna og að meta árangur af seiðasleppingum á vatnasvæðið.

Snemma sumars var sleppt í ána 6000 laxaseiðum af stofni Laxár í Refasveit. Þeim var sleppt 1500 í Grímsá neðantil, 3500 frá því þar sem gilið byrjar og fram fyrir Illugastaði, og 1000 seiðum á neðsta hluta árinna, á grýtta kaflann fyrir neðan neðstu brúna. Árið á undan var sleppt 10000 seiðum af stofni Laxár í Aðaldal, mest frá Engjadal og fram að Háafossi.

NIÐURSTÖÐUR

Lengdar og aldursdreifing veiddra seiða er að finna á Mynd 2 og yfirlit um fjölda veiddra seiða í Töflu 1. Við samanburð við fyrri ár ber að hafa í huga að veiðarnar voru nú rúmum mánuði seinna en venjulega, og aðstæður til veiða voru með versta móti, slagveðursrigning og mikið vatn í ánni.

Náttúruleg seiði hafa mjög takmarkaða útbreiðslu í Laxá. Þau finnast eingöngu á stað 7, en þar eru ekki skilyrði nema fyrir smá seiði, og á neðsta staðnum, stað 9. Þar ber mest á árgangi sem klaktist út vorið 1984 (3+), en 0+ seiðin sem þarna fengust voru úr sleppingu frá því fyrr um sumarið.

Tafla 1. Fjöldi veiddra laxaseiða eftir aldri í Laxá í Skefilstaðahreppi 1. og 7. september 1987.

Stöð	Stærð (m)	fjöldi veiddra seiða á 100 m				
		0+	1+	2+	3+	4+
2	35x12	-	4.8	-	-	-
3	45x12	-	5.5	0.4	-	-
4	30x10	-	2.3	-	0.7	-
5	40x8	1.2	-	2.2	1.2	-
6	27x10	1.8	-	1.8	0.4	-
8	20x10	11.0	4.0	-	-	-
9	40x10	1.2	-	-	5.5	0.2
10	35x4	-	-	13.6	-	-
11	50x5	-	-	5.2	-	-
7	40x8	2.8	-	5.9	0.6	-


ÁLYKTANIR

Það er með ólíkindum að ekki skuli finnast náttúrulegt klak á efstu 10 km árinna og að þar hafi ekki komist upp klak s.l. 10 ár eða svo. Þarna veiðist þó lax á hverju ári. Seiðasleppingar á þetta svæði takast vel, þó vöxtur þessu svæði sé tiltölulega hægur. Þar ræður líklegast mestu um að vaxtatímabilið er stutt, en jafnframt er svæðið mjög viðkvæmt fyrir miklum setningi. Líklega mun töluverður hluti seiðanna úr sleppingunni 1986 þurfa að vera eitt ár enn í ánni, áður en þau ganga til sjávar.

Ég tel að sleppa beri smáseiðunum á svæðið frá Engjadal og fram að Háafossi nú í vor. Það mætti dreifa á þetta svæði um 6000 seiðum, þ.e. einu seiði á hvern lengdarmetra. Þá er einnig best að athuga betur hvað veldur viðkomubresti á þessu svæði, t.d. með því að reyna þar hrognagröft næsta haust. Það er þekkt úr nokkrum ám að hrygning lax í giljum þar sem stutt er niður á klöpp tekst sjaldan, og þetta gæti verið ein skýringin í Laxá. Séu forsendur fyrir náttúruklaki lakar á þessu svæði er alveg óþarfi að hafa áhyggjur vegna mikils veiði-álags. Ég á bággt með að trúa að allur sá lax sem hefur gengið á svæðið s.l. 10 ár hafi verið veiddur.

Í Grímsá fundust fá seiði fremst en sleppingar hafa verið óþarflega miklar í neðsta hluta árinna s.l. tvö sumur. Þar mætti sleppa um 500 seiðum á brot frá Álftharlæg og niðureftir, um 1 seiði á hverja tvo lengdarmetra.

Bestu uppeldisskilyrðin í Laxá er neðsti kaflinn, frá neðstu brúnni og þar niður þar sem áin er grýtt og gróðursæl. Þar varð síðast hrygning 1984 og svo virðist sem þetta svæði þoli meiri ásetning en nú er. Þarna mætti sleppa 1500 seiðum í sumari, eða jafnvel flytja þangað seiði frá svæðinu fyrir ofan miðbrúna (staður 8).




Mýnd 1. Yfirlit á staðsetningu rafveiðistaða í Laxá Skefilstaðahreppi, september 1987

1. og 7. 9. 1987

Lax

Laxá í Skef.

Földi



Lengd í cm

Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing laxaseiða í Laxá í Skefilstaðahreppi 1. og 7. september 1987.